

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

[www.gse.is](http://www.gse.is)



# Ársskýrsla

2020

## Skyrsla formanns

Tuttugasta og sjötta starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2020.

### COVID-19

Árið 2020 markaðist af baráttunni við heimsfaraldur kórónuveirunnar (COVID-19).

Eftir fund fulltrúa golfklúbba innan vébanda GSÍ var tekin ákvörðun um að loka vellinum þann 8. apríl. Byggði sú ákvörðun á ráðleggingum frá Landlæknisembættinu um að golfvöllum skyldi loka þangað til að annað væri ákveðið. Tilkynning sem var birt á miðlum klúbbsins byggði á texta sem saminn var af GSÍ. Í kjölfarið átti sér stað mikil umræða um þessa lokun og bent var á að vel væri hægt að leika golf án þess að vera með sameiginlega snertifleti og þ.a.l. væri ekki mikil smithætta á golfvellinum.

Þann 11. apríl 2020 setti heilbrigðisráðuneytið síðan reglur um ástundun golfíþróttarinnar á tímum samkomutakmarkana. Reglurnar voru unnar í samstarfi við GSÍ og byggðu á norrænni fyrirmynnd. Helstu atriðin í þessum reglum voru að óheimilt var að leika golf án þess að eiga bókaðan rástíma, ekki mátti dvelja of lengi í kringum skálann, kylfingum var skylt að halda fjarlægðarmörk, óheimilt var að snerta flaggstangir og hrífur, ruslafötur skyldu fjarlægðar og golfskálar lokaðir. Með hliðsjón af þessum reglum var völlurinn opnaður aftur þann 12. apríl. Holubotnarnir voru látnir standa upp úr jörðinni, engar hrífur voru í glompum og skálinn lokaður. Reglurnar giltu til og með 3. maí.

Þann 4. maí töku gildi nýjar reglur og skálinn var opnaður. Helstu atriðin í nýju reglunum voru þessi:

- Rástímaskráning var í gildi á öllum tímum. Þeir sem ætluðu að leika 18 holur gátu skráð sig á seinni níu, tveimur klukkustundum og tuttugu mínútum eftir fyrri rástíma. Rástímaskráning fór fram í gegnum Golfbox. Félagar gátu skráð sig á rástíma með allt að þriggja daga fyrirvara. Aðrir gátu skráð sig á rástíma sama dag og daginn áður.
- Við leik var bannað að taka/snerta stöngina. Svamphólkur var settur í holurnar til þess að koma í veg fyrir að boltinn felli alla leið niður í holuna.
- Hrifur voru fjarlægðar úr glompum. Leyfðar voru færslur á bolta í glompum.
- Sambýlisfólk mátti vera saman í golfbíl. Aðrir urðu að vera einir í golfbíl.
- Kylfingar voru hvattir til að skrá skor með rafrænum hætti. Ef skorkort var notað áttu kylfingar ekki að skiptast á skorkortum.



Vegna þessara reglna var í fyrsta í skiptið í sögu klúbbsins notast við rástímaskráningu á Setbergsvelli.

Fjallað verður nánar um rástímaskráningu síðar í skýrslunni.

Reglurnar frá 4. maí féllu úr gildi þann 26. maí. Eftir að reglurnar féllu úr gildi voru svamphólkarnir teknir úr holunum, hrífur settar í glompur og við hættum að notast við rástímaskráningu nema á föstudögum. Það má því segja að golfleikur á vellinum hafi verið með nokkuð hefðbundnu sniði frá 5. maí til 30. júlí.

Þann 31. júlí lagði viðbragðshópur GSÍ það til að golfklúbbar tækju aftur upp reglurnar frá 4. maí í kjölfar hertra aðgerða á landamærum vegna COVID-19. Voru þær reglur í gildi þar til vellinum var lokað þann 1. nóvember eftir að GSÍ hafði fengið svar frá sóttvarnalækni um túlkun á 6. lið. 5. gr. um takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithætta í reglugerð um takmarkanir á samkomum vegna farsóttar nr. 1051/2020.

Þegar að þetta er ritað er völlurinn enn lokaður og samkomutakmarkanir enn í gildi. Vegna þeirra samkomutakmarkana var tekin ákvörðun um að aðalfundur klúbbsins vegna ársins 2020 færí fram í gegnum fjarfundabúnað. Ekkert er því til fyrirstöðu skv. lögum klúbbsins. Aðrir klúbbar innan GSÍ hafa einnig haldið sína aðalfundi með rafrænum hætti. Skv. núgildandi lögum klúbbsins er ekki sérstaklega heimilað að kjósa stjórn með rafrænum hætti. Er því lögð fram tillaga fyrir fundinn um að breyta lögnum.

## **Veður og vallarmál**

Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar eins og árið á undan eftir mildan vetur. Völlurinn kom vel undan vetri, fyrir utan það að brautir voru mjög ójafnar í upphafi sumars. Aðstæður í sumar voru mjög hagstæðar og jöfnuðu brautirnar sig fljótt. Það rigndi mikið yfir sumarið og ekki var mikið um löng kuldaköst. Flatirnar voru sem fyrr mjög góðar og miðað við ástandið á þeim í haust ættu þær að verða góðar á næsta ári.

Klúbburinn tók aftur við allri umhirðu á vellinum. Samningurinn við Golfklúbbinn Keili takmarkaðist við það að Golfklúbburinn Keilir sá um innheimtu á árgjöldum ásamt því að brýna einingar á sláttuvélum.

Gerður var ráðgjafarsamningur við Bjarna Hannesson sem stýrði áburðar- og lyfjagjöf ásamt því að halda námskeið fyrir starfsmenn á vellinum.

Þegar fyrir lá að klúbburinn myndi ráðast í miklar framkvæmdir, sbr. umfjöllun um framkvæmdir síðar í skýrslunni var ákveðið að gera samning við Albert Albertsson, húsasmíðameistara, sem vann á vellinum ásamt því að vinna við framkvæmdirnar.

Hreinsunardagurinn árlegi var haldinn 9. maí. Fjöldi félaga mætti og tók til hendinni. Mikil gleði ríkti og var samstaðan áþreifanleg enda næg verkefni fyrir hendi. Einhverjum tókst að setja ræshusuðið röngu megin við göngustíginn en þau mistök voru að sjálfsögðu leiðrétt.

Veðrið var ágætt í sumar en þó rigndi heldur mikið. Ekki reyndi því mikið á nýja vökvunarkerfið þetta sumarið. Árið áður þurftum við að vökva nánast daglega vegna mikilla þurrka.

## **Áburðar- og lyfjagjöf á flatir á árinu**

Köfnunarefni var úðað í formi Amónium súlfats og Urea. Heildarköfnunarefnismagn var um 70 kg á hektara. Járni var bætt við flestar áburðargjafir til þess að vinna gegn mosa í flötunum.

Notast var við Primer Select vatnsmiðlunarefni á flatir og Primo Max sem vaxtastjórnunarefni. Brugðist var við sýkingum á völdum svæðum í flötum með einni gjöf af lyfjum í sumar og einni í veturnar en þá var úðað á allar flatir.

Flatir voru sandaðar þrisvar sinnum yfir tímabilið.

Mikil áhersla var lögð á að vinna á mosanum í flötunum. Sáð var grasfræjum í mosann.

## **Vélar, tæki og framkvæmdir**

Ákveðið var að ráðast í talsverðar framkvæmdir og fjárfestingar á árinu. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að byggja nýtt ræshús, reisa vélaskemmu og kaupa ákveðin tæki. Sl. vor bauðst klúbbnum að kaupa 5 gáma á hagstæðu verði. Stjórnin ákvað að kaupa gámana og nýta með þeim hætti sem lýst er hér að neðan. Þökkum við Herði Gunnarssyni, félaga í klúbbnum, fyrir að hafa klúbbinn í huga vegna þessara gáma.

## Gámar

Gámarnir eru/verða nýttir með eftirfarandi hætti:

1. Nýtt ræsishús var sett upp við fyrsta teig og er því verkefni nánast lokið. Innheimta á flatargjöldum og eftirlit með útræsingu á teig fór fram úr ræsishúsinu.



Gámarinn var einangraður þar sem einangrun vantaði og klæddur að utan með Viroc plötum. Inni var smíðað afgreiðsluborð með merki klúbbsins framan á. Ágústa Hera Birgisdóttir átti þessa frábæru hugmynd og hannaði borðið ásamt öðru inni í húsinu. Hlynur Freyr Birgisson smíðaði borðið og Sigurður Óli Guðnason sá um að gera merkið úr stáli. Tókst þetta einstaklega vel og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.

2. Tveir gámar voru nýttir til þess að reisa um 50 fermetra vélaskemmu sem var sett upp á vélasvæði klúbbsins. Skemman er einangruð, upphituð og með bílskúrshurð. Með tilkomu vélaskemmunnar er hægt að geyma öll tæki innandyra yfir sumarið. Vinnu við vélaskemmu er nánast lokið. Enn á þó eftir að klæða framhliðina og ganga frá nokkrum atriðum inni.
3. Einn gámur var settur upp við hliðina á golfskálanum og er þar unnið að því að setja upp eldhús ásamt salerni fyrir starfsfólk golfskálans. Þegar þessari vinnu lýkur verður hægt að bjóða upp á sölu veitinga sem krefjast steikingar.
4. Einn gámur er utan við eldhúsgáminn og er fyrirhugað að koma þar fyrir skápum sem félagar geta leigt til þess að geyma golfsett og kerrur.

## Vökvunarkerfi

Þangað til sl. vor hafa flatir á vellinum verið vökvuðar með því að dæla vatni upp úr pollunum við vatnið. Í vor samþykkti vatnsveita Garðabæjar að við myndum tengjast inn á kerfi vatnsveitunnar, vestan við Toyota. Vegna þessa var ráðist í að leggja nýjar vatnslagnir um völlinn. Það er gríðarlegur munur að fá þetta vatn og opnar fyrir þann möguleika að setja niðurgrafna úðara við flatirnar. Hugmyndin er að byrja á a.m.k. þremur flötum næsta vor.

## Vélakaup

Eftirfarandi tæki voru keypt sl. vor:

- Toro 3250 flatasláttuvél.
- Rafknúinn vinnubíll með palli.
- Sandari til að sanda flatir og teiga.
- Úðari til að bera fljótandi áburð og lyf á flatir.



Á myndinni má sjá Þórarin Sófusson, stjórnarmann í klúbbnum, á nýju flatasláttuvélinni. Ákveðið var að kaupa notaða vél. Vélin var uppgerð og tilbúin til notkunar. Hún reyndist afar vel og stóðst allt sem seljandinn hafði lofað. Sandarinn sem við keyptum var nýr. Þórarinn, sem sá um innflutning fyrir álverið í Straumsvík árum saman, sá um að semja um kaup á tækjunum og flutning á þeim til landsins. Jónar Transport styrktu klúbbinn með myndarlegum hætti við flutninginn og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Með því að gera þetta með þessum hætti spöruðust verulegir fjármunir.

## Göngustígar

Sett var nýtt efni í göngustígana sem þjappast talsvert betur en það sem fyrir var. Göngustígarnir á fimmtu og sjöttu braut voru breikkaðir talsvert.

## Stækkun á planinu við golfskálann og aðstaða til að hreinsa golfsett

Planið fyrir framan nýja ræsishúsið var stækkað og veitti ekki af þeirri stækkun. Enn fremur var útbúin aðstaða til þess að þrífa golfsett að leik loknum.

## Ruslafötur

Í samræmi við tillögu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi voru ruslatunnur einungis á tveimur stöðum, þ.e. við teiginn á sjöttu braut og við níundu flötina.

## Þátttaka félaga í framkvæmdum

Margir félagar komu að framangreindum framkvæmdum. Það hefur verið virkilega skemmtilegt að vinna með þeim stóra hóp sem hefur verið reiðubúinn að aðstoða við allar þessar framkvæmdir á árinu. Sérstaklega ber þó að þakka Ágústu Heru Birgisdóttur, Ólafi Hauki Guðmundssyni, Hlynri Frey Birgissyni, Sigurði Óla Guðnasyni, Ragnari Böðvarssyni, Edward Eiríkssyni, Gunnari ÁrmanNSSyni, Magnúsi Kummer, Arnari Svanssyni, Sævari Guðmundssyni, Sigurði Ben Guðmundssyni, Guðmundi Stefáni Jónssyni, Indriða Guðmundssyni, Elínu Reynisdóttur og Herði Gunnarssyni fyrir þeirra framlag í þessum framkvæmdum.

## Rekstur

450 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Vegna rástímaskráningar og COVID-19 breyttist aðgengi á völlinn í samræmi við það. Sala á flatargjöldum var töluvert meiri en hún var árið áður. Aðsókn í móti var ágæt.

Niðurstaða rekstrarins er mjög góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir klúbbsins eru um 39.000.000 kr. og þar af er um 15.000.000 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins er um 6.800.000 kr. en ákveðið var að eignfæra 6.000.000 kr.

af kostnaði og vinnu við gámana (ræsishús, eldhús og vélageymslu). Þegar vinnu við gámana lýkur verður aflað mats óháðs aðila á þessum eignum. Matið kann því að taka breytingum til hækkanar eða lækkunar. Þá má geta þess að klúbburinn þarf að greiða leigu fyrir landið, að fjárhæð um 5.730.000 kr. á ári sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

## Afmæli

Þann 23. júní voru liðin 25 ár síðan Setbergsvöllur var opnaður og klúbburinn hóf starfsemi en klúbburinn var stofnaður í nóvember 1994.

Á myndinni vinstra megin er Eiríkur Smith áníundu flötinni eftir fyrsta hringinn á vellinum þann 23. júní 1995. Eiríkur, sem lést árið 2016, hannaði merki klúbbsins og var félagi númer eitt.

Á myndinni hægra megin er upphafsmaðurinn að þessu öllu, Friðþjófur Einarsson.



## Golfmót fyrir stelpur á vegum KPMG og GSÍ

Þann 10. júní stóð KPMG fyrir skemmtilegum viðburði á Setbergsvelli sem hafði það að markmiði að hvetja stelpur til golfiðkunar og styðja við okkar fremstu atvinnukylfinga. Alls mættu níu afreks- og atvinnukylfingar á völlinn og leiðbeindu ungum stelpum á æfingasvæðinu og í framhaldinu spiliðu þau níu holu móti þar sem hvert holl var skipað einum afreks- eða atvinnukylfingi og þremur stelpum.

Klúbburinn fékk að tilnefna tvær stelpur. Þær stelpur sem eru að æfa hjá klúbbnum léku úrtökumót á litla vellinum og enduðu þær María og Eydís í fyrstu tveimur sætunum.



Á myndinni eru María og Eydís með Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur. Mótið tókst mjög vel og þær stelpur sem fengu að taka þátt í mótinu voru virkilega ánægðar með daginn. Það var líka gaman að heyra hversu vel atvinnumönnunum líkaði við völlinn.

Við erum stolt af því að hafa fengið að taka þátt í þessu verkefni enda eru margar ungar stelpur núna að æfa hjá klúbbnum.

## Nýliðanámskeið og unglungastarf

Arna Rún Oddsdóttir og Hrafn Guðlaugsson hafa séð um námskeið og unglungastarf á árinu. Þau ná bæði virkilega vel til krakkanna og ríkir mikil ánægja með þeirra störf.

Í sumar var boðið upp á golfleikjanámskeið fyrir krakka. Á námskeiðinu var farið yfir sveifluna, stutta spilið, púttin og helstu golf- og siðareglur. Það var svo mikil þátttaka á námskeiðinu að skipta þurfti krökkunum upp í hópa og kalla á aðstoðarfólk til að hjálpa kennurunum.

Í framhaldi af golfleikjanámskeiðinu var boðið upp á æfingar á mánudögum og fimmtudögum og skiptust Arna og Hrafn á að sjá um æfingarnar. Við vonumst til að þessir krakkar haldi áfram að æfa hjá klúbbnum.

## Golfbox og rástímaskráning

Á árinu var tekið í notkun nýtt tölvukerfi (Golfbox). Þrátt fyrir einhverja byrjunarörðugleika virðist kerfið vera gott og bjóða upp á mikla möguleika.

Vegna COVID-19 var tekin upp rástímaskráning á vellinum og var hún í gildi að júní og júlí frátoldum. Þetta er í fyrra skipti í sögu klúbbsins sem við höfum haft rástímaskráningu á vellinum. Við vitum ekki hvort það er vegna COVID-19 og þeirrar staðreyndar að Íslendingar héldu sig almennt á landinu sl. sumar eða hvort það er vegna rástímaskráningarinnar sem slíkrar en nýtingin á vellinum var talsvert betri þegar rástímaskráningin var í gildi. Kúlustandurinn hefur ávallt staðið fyrir sínu en það er vaxandi hópur sem vill vita hvenær hann kemst í golf og fer frekar annað en að taka áhættuna á því að þurfa að bíða í röð. Rástímaskráningin auðveldar verulega eftirlit með útræsingu á völlinn og innheimtu. Þeir sem ekki hafa gengið frá greiðslu fá ekki að fara út að spila. Aðrir klúbbar gera þá kröfu að kylfingar láti vita í kerfinu að þeir séu mættir á teig. Þannig er hægt að fylgjast með því að kylfingar mæti á skráðan rástíma.

Til viðbótar framangreindum kostum getum við núna fyrst tekið saman tölfraði yfir spilaða hringi á vellinum. Það þarf að taka ákvörðun um hvort við höldum okkur við rástímaskráninguna eftir að núgildandi reglur um golfleik verða lagðar niður. Eins og að framan greinir hefur það ýmsa kosti í för með sér.

## Mót

Klúbburinn hélt nokkur mótt á árinu, tvö opin mótt, meistaramót, bikarkeppni, kvennamót og nokkur innanfélagsmótt. Bangsamótið var haldið í þriðja skiptið en þar leika konur á móti körlum. Þetta árið unnu konurnar öruggan sigur og er bangsinn því nú í rauðum fötum.

Vegna COVID-19 var ekki hægt að halda bændaglímu með hefðbundnu sniði. Þær samkomutakmarkanir sem voru í gildi höfðu jafnframt áhrif á mörg önnur mótt sumarsins þar sem ekki var hægt að ræsa út af öllum teigum á sama tíma og enda með fjöldasamkomu í skálanum.



Klúbbmeistari karla varð Hrafn Guðlaugsson og klúbbmeistari kvenna Valgerður Bjarnadóttir.



Bikarmeistari karla varð Daníel Kristinsson og bikarmeistari kvenna Herdís Sigurjónsdóttir.

## Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

## Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson, formaður, Þórarinn Sófusson, varaformaður, Pétur Einarsson, gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir, meðstjórnendur.

## Nefndir

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðþjófsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna [www.gse.is](http://www.gse.is).
- **Mótanefnd:** Árni Finnsson, formaður, Ágústa Hera Birgisdóttir, Arnar Björnsson, Árni Björn Erlingsson, Stefanía Arnardóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Björn Eysteinsson, Ágústa Hera Birgisdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
- **Aganefnd:** Gunnlaugur Guðjónsson, formaður, Örn Andrésson, Þórarinn Sófusson, Arna Rún Oddsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Ágústa Hera Birgisdóttir, formaður, Guðny Ósk Hauksdóttir og Stefanía Arnardóttir.
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Kristín Hrönn Guðmundsdóttir, Jóhann Gunnarsson, Björn Eysteinsson, Arna Rún Oddsdóttir og Hrafn Guðlaugsson.
- **Dómaranefnd:** Karl-Johan Brune formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Elín Reynisdóttir og Högni Friðþjófsson.
- **Karlastarfið:** Árni Björn Erlingsson, formaður, Arnar Björnsson og Jón Karl Björnsson.
- **Öryggisfulltrúi:** Karl-Johan Brune.
- **Persónuverndarfulltrúi:** Fríða Björg Leifsdóttir.

## Hola í höggi

Jóhann Gunnar Jóhannesson og Björn Knútsson fóru holu í höggi á annarri holu, Einar Helgi Helgason og Kristín Björk Þorvaldsdóttir fóru holu í höggi á áttundu holu og Hulda Júlíusdóttir fór holu í höggi á fimmtu holu og jafnaði þar með árangur sonar síns á sömu holu, skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið. Þá sjáum við tilkynningu frá Bergi Dan Gunnarssyni sem fór holu í höggi á áttundu holu árið 2017.

## Sveitakeppni GSÍ

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbnum Leyni. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Ólafur Jóhannesson, Þorsteinn Erik Geirsson, Hjörtur Brynjarsson, Siggeir Vilhjálmsson, Helgi Þórisson, Styrmir Guðmundsson og Sveinn Gunnar Björnsson. Liðsstjóri var Friðþjófur Einarsson. Sveitin endaði í fjórða sæti og leikur því áfram í 2. deild á næsta ári.

Kvennasveit klúbbsins í öldungaflokki tók þá ákvörðun að taka ekki þátt þetta árið vegna COVID-19.

Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Sandgerðis. Sveitina skipuðu Árni Þór Freysteinsson, Gunnar Ármannsson, Ólafur Haukur Guðmundsson, Sigurður Óli Guðnason, Jón Sigurðsson, Héðinn Gunnarsson og Guðmundur Stefán Jónsson. Jón Karl Björnsson var liðsstjóri. Sveitin hélt sæti sínu í deildinni.

## Starfsmenn klúbbsins

Albert Albertsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Óskar Fannar Vilmundarson og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum.

Ágústa Hera Birgisdóttir, Elma Karen Gunnarsdóttir og Hrefna Högnadóttir sáu um innheimtu á flatargjöldum og útræsingu á völliinn á ákveðnum tínum.

Um rekstur á golfskála og innheimtu á flatargjöldum á ákveðnum tínum sá Sigríður Lilja Samúelsdóttir. Jón Sigurðsson sá um að vakta skálann og völliinn yfir veturninn.

### **Framtíðarsvæði fyrir starfsemi klúbbsins**

Áfram er unnið að því að tryggja framtíðarsvæði fyrir klúbbinn. Aðstæður þetta árið hafa ekki hjálpað til við að fá skýr svör frá bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði.

### **Upplýsingagjöf**

Í sumar, líkt og sl. sumar, var fréttabréf sent út einu sinni í viku í formi skilaboða í Golfbox þar sem farið var yfir dagskrá vikunnar. Fréttabréfið ásamt öðrum upplýsingum var jafnframt birt á Facebook síðu klúbbsins Allir í GSE og heimasíðunni [www.gse.is](http://www.gse.is).

### **Helstu framkvæmdir framundan og fjárfestingar**

Lögð verður áhersla á að ljúka frágangi á eldhúsini, vélageymslunni og gámnum þar sem verður sett upp geymsla fyrir golfsett.

Sett verður vökvunarkerfi í jörðu í kringum a.m.k. þrjár flatir.

Reynt verður að stækka og laga bílastæðið og kannaður sá möguleiki að setja bundið slitlag yfir bílastæðið.

Laga þarf nokkrar brýr á vellinum.

Lagt er til að keypt verði ný sláttuvél til þess að slá teiga og líttill traktor með ámoksturstækjum og sláttuarmi.

Í fjárfestingaáætlun fyrir næsta ár er m.a. gert ráð fyrir framangreindum atriðum.

### **Félagsstarfið**

COVID-19 hafði veruleg áhrif á félagsstarfið vegna þeirra takmarkana sem faraldurinn hafði í för með sér.

Á árinu tókst að gera margt og var félagsstarfið fjölbreytt, enda voru margir reiðubúnir að hjálpa til. Slíkt samstarf er ótrúlega gefandi þegar svo margir leggja hönd á plóg.


Þeir sem héldu utan um karla- og kvennastarfið gerðu það virkilega vel. Þar sem þetta starf er orðið svo stór hluti af starfsemi klúbbsins eru sérstakar skýrslur frá þessum aðilum.

Vonandi eru þeir sem hafa unnið ómetanlegt starf fyrir klúbbinn reiðubúnir að gera það áfram. Enn fremur er óskandi að fleiri séu reiðubúnir að slást í þann hóp.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsson, formaður.

## Skyrsla kvennanefndar fyrir árið 2020:



Kvennastarfið hjá okkur í GSE fór öðruvísi af stað þetta árið vegna COVID-19.

En þrátt fyrir það voru líka jákvæðar og skemmtilegar uppákomur þegar samkomutakmarkanir voru rýmkaðar.

Ekki var haldinn vorfagnaður með kynningu eins og vaninn er en þess í stað settum við áætlun um dagskrá sumarsins inn á síðuna okkar.

Á mánudagstímunum okkar var ávallt reynt að brydda upp á einhverju skemmtilegu, sem dæmi má nefna nándarverðlaun, málbandið, næst besta höggið og ýmislegt annað. Sigga vert sá til þess að það væru veitingar í boði að leik loknum, eins og súpur og ýmis salöt og annað góðgæti fyrir þær sem það vildu. Skapaðist oft mjög skemmtileg stemning. Mætingin var mjög góð eða allt að 9 holl þegar mesta mætingin var.



Við náðum að fara í heimsókn í Leiruna og eiga frábæran dag með skemmtilegum konum á Suðurnesjunum. Frábær mæting og glæsileg móttaka hjá þeim Leirukonum.

Leirukonur komu svo til okkar í júlí og var það heldur betur frábær dagur. Spilaður var bæði litli og stóri völlurinn og góður matur og verðlaunaafhending á eftir.



Fyrir komu Leirukvenna báðum við konur í GSE að koma með einn pakka til þess að hafa sem útdráttarverðlaun. Viðbrögð kvenna í GSE voru svo góð að við ákváðum að geyma hluta af verðlaununum þar til í stóra mótinu okkar í september. Við þökkum öllum konunum fyrir þessi frábæru viðbrögð en þetta er ekki sjálfgefið. En dagurinn var frábær og Leirukonur heldur betur ánægðar með heimsóknina til okkar í GSE.

Til stóð að halda innanfélagsmót í ágúst en vegna hertra samkomutakmarkana ákváðum við í nefndinni að fresta því móti. Við ætluðum þá að hafa haustferðina stærri.

Þegar komið var að haustferðinni, en fyrirhugað var að spila í Hveragerði, voru samkomutakmarkanir enn í gildi. Þar sem staðarhaldari þar treysti sér ekki til að taka á móti okkur var ákveðið að vera heima og eiga frábæran og skemmtilegan dag á okkar heimavelli.



Í aðdraganda mótsins var búið að tala við mörg fyrirtæki og óska eftir vinningum í mótið. Á föstudeginum fyrir mótið var arkað af stað að sækja vinningana. Íris í Vera Design gerði mjög vel við okkur og gaf okkur vinninga að verðmæti 150.000 kr. Önnur fyrirtæki eins og Regatta, Hannesarholt,

Dankó, Ölgerðin, Nunó (Apótekið) Design töskubúð, Bako Ísberg og Nivea á Íslandi gáfu okkur ennfremur vinninga. Svona gróft reiknað var heildarverðmæti vinninga í kringum 350.000 kr. Við þökkum þessum fyrirtækjum kærlega fyrir stuðninginn og velvildina.

Þegar komið var aftur í skálann eftir mikinn rúnt í öll þessi fyrirtæki komum við heim með fullan bíl og þurfti margar hendur til að bera þetta allt inn. Áður en haldið var af stað á völlinn fengu allar konurnar glæsilegan gjafapoka og eftir mótið fékk hver og ein útdráttarveðlaun.

Dagurinn var einfaldlega frábær og mæting með besta móti. Var ræst út af öllum teigum á bæði stóra og litla vellinum. Frábær matur og glæsileg verðlaunaafhending á eftir og að sjálfsögðu utandyra. Eintóm gleði, hamingja og jákvæðni. Spurningin er hvort við höldum þetta hér eftir á okkar velli þar sem þáttakan var með besta móti eða rúmlega 40 konur.

Að halda svona starfi á lofti og móti er ekki sjálfgefið en með hjálp frábærs fólks gekk þetta allt upp.

Okkur langar að þakka Árna Finns fyrir alla hans hjálp í tengslum við Golfbox fyrir mótin. Ekki er annað hægt en að dást að þolinmæði hans við að þola allt böggvið í tölvupóstum, símtölum og skipti ekki málið hvort hann var í frii í sumarbústað, vinnu eða keyrandi. Hann var til taks að morgni, um miðjan dag og jafnvel kl. 11 á föstudagskvöldi að redda kunnáttuleysi eða klúðri í skráningu af hálfu kvennanefndar. Árni er svo mikill snillingur. Bestu þakkir fyrir þolinmæðina, kennsluna og leiðbeiningarnar í gegnum kerfið. Við hefðum aldrei getað gert mótin svona flott kerfislega án hans hjálpars.

Við þökkum Siggu fyrir að sjá til þess að við fengum frábæran mat bæði eftir mánudagstímana og á mótaum og fyrir að hjálpa til við að fá verðlaun í mótin. Hún nýtti sér sitt tengslanet til þess að afla fjölda vinninga fyrir okkur.

Við þökkum Ellu Reynis fyrir að hjálpa okkur við að setja upp mótin í golfboxinu.

Stjórн GSE þökkum við frábært samstarf.

Ekki síst þökkum við öllum konum í GSE fyrir frábæra þátttöku á mánudögum og í mótaum og ekki síst fyrir alla jákvæðnina og skemmtilegheitin á þessum skrýtnu tínum. Nefnd í svona starfi er ekkert ef hún hefur ekki frábært fólk að starfa með.

Við þökkum fyrir skemmtilegt golfsumar þrátt fyrir skrýtna tíma. Hlökkum mikið til þegar fer að voru aftur og við getum vonandi farið að hittast almennilega.

Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og með miklum þökkum fyrir árið 2020 og bíðum spenntar efir frábæru golfsumri árið 2021.

Ágústa Hera Birgisdóttir

Guðný Ósk Hauksdóttir

Stefanía Arnardóttir

## Karlastarfið

### Skýrsla frá Karlaklúbbnum.

Sumarið var sérstakt að því leyti að allir þeir sem vanalega hefðu farið í golfferð að vori fóru ekki neitt, og var því mikið líf í karlastarfinu frá byrjun maí. Það er alltaf að aukast þátttakan hjá körlunum á þriðjudögum. Í fyrra voru um 20-50 manns að mæta en í sumar hafa um 40-70 manns verið að mæta, sem er lúxusvandi okkar sem stýrum þessu.

Vegna mikilla anna í starfinu þá bættist við í stjórn Karlaklúbbsins, Jón Karl Björnsson handboltakempa með meiru, en fyrir eru Arnar Björnsson og Árni Erlingsson. Þetta samstarf hefur gengið vel, já nánast eins og smurð vél.

En svo við hlaupum aðeins yfir það sem var markvert í dagskrá sumarsins, þá var þetta helst:

**Hrútamótið.** Við fórum í heimsókn á Suðurnesin og fengum þá svo aftur í heimsókn til okkar. Við pökkudum þeim saman á heimavelli í 15-20 metrum á sekúndu og svo rigndi síðustu holurnar. Það var Víkingurinn og heljarmennið, Jón Sigurðsson, sem virtist ekki átta sig á veðuraðstæðum og lék eins og engill og var okkar besti maður. Síðan fengum við Suðurnesjamenn í heimsókn til okkar og fengum frábært veður sól og logn. Við unnum þá samanlagt og er Hrútshornið því í okkar skála þetta árið.



**Bangsamótið.** Karlarnir voru teknir í bakaríð af kerlunum þetta árið og til hamingju með það dömur



**Ferðalög.** Karlaklúbburinn stóð fyrir ferð til Vestmannaeyja og var fámennt en góðmennt, tókum við þátt í opnu móti og lékum svo aftur á sunnudeginum. Þetta var frábær ferð í alla staði og mögulega verður þetta gert fljótlega aftur. Karlaklúbburinn fór einnig í dagsferð, á Hellishóla og var hún vel heppnuð, völlur í frábæru standi og skemmtilegur.



**Fótboltamótið.** Skv. venju var fótboltamótið á dagskrá og kom það í hlut Leeds að vera með montréttinn fram að næsta móti. Sigurvegararnir voru Jón Karl og Ívar Smári.



**Lokamót og lokaslútt.** Karlastarfið var klárað með stæl og var notaður sað peningur sem hafði safnast yfir sumarið í að gera mótið og slúttið sem veglegast. Við fengum vægast sagt slæmt veður og náðu ekki allir að klára, en allir skemmtu sér vel og var almenn ánægja með þetta allt. Skálinn skartaði sínu fegursta og hafði Ágústa skreytt hann svo vel að eftir var tekið og þökkum við henni sérstaklega fyrir það. Matur og móttökur Siggu og Geira voru frábærar og þökkum við þeim fyrir og einnig fyrir allt sumarið sem er búið að vera stórkostlegt þrátt fyrir COVID-19. Einning ber að þakka öllum þeim sem söfnuðu verðlaunum fyrir mótið sérstaklega, það var gaman að sjá hve margir eru virkir og alltaf tilbúnir að leggja sitt af mörkum í karlastarfið.

**Haugststarfið** hefur ekki byrjað ennþá vegna sóttvarnareglar, en vonandi verður hægt að fara í herma, eftir áramótin, en það kemur í ljós.

**Næsta sumar** byrjar dagskráin á heimsókn til Suðurnesjanna, svo stefnum við á allavega 2-3 ferðir, Borgarnes er þar efst á lista. Svo stefnum við bara á að þetta verði almennt skemmtilegt sumar eins og alltaf.

Kær kveðja,

Jón Karl, Arnar og Árni.

## Úrslit móta 2020

### Forkeppni bikars

Punktamót - karlar

1. Einar Pétur Eiríksson – 22 pkt.
2. Guðmundur Stefán Jónsson – 22 pkt.
3. Þórður Dagsson – 21 pkt.

Punktamót - konur

1. Guðný Ósk Hauksdóttir – 20 pkt.
2. Jóhanna Margrét Sveinsdóttir – 20 pkt.
3. Ágústa Hera Birgisdóttir – 20 pkt

### Opna Under Armour

Punktar:

1. Davíð Kristján Hreiðarsson GK – 45 pkt.
2. Sævar Guðmundsson GSE – 40 pkt.
3. Guðni Bergur Einarsson GSE – 40 pkt.

Lægsta skor án forgjafar:

Ólafur Hreinn Jóhannesson GSE - 74 högg.

### Jónsmessa

1. sæti: Arnar, Einar, Sólveig og Kristín – 58 högg.
2. sæti: Viðar, Valgerður, Þorsteinn og Héðinn – 59 högg.
3. sæti: Guðmundur, Lovísa, Guðný og Örn - 60 högg.

### Meistaramót GSE

Meistaraflokkur karla

1. Hrafn Guðlaugsson – 287 högg.
2. Hjörtur Brynjarsson – 300 högg.
3. Þorsteinn Erik Geirsson – 303 högg.

Fyrsti flokkur karla

1. Sigurður Óli Guðnason – 325 högg.
2. Þórður Einarsson – 328 högg.
3. Ragnar Böðvarsson – 337 högg.

Annar flokkur karla

- |    |                          |   |           |
|----|--------------------------|---|-----------|
| 1. | Guðmundur Stefán Jónsson | – | 342 högg. |
| 2. | Arnar Björnsson          | – | 345 högg. |
| 3. | Þórður Dagsson           | – | 348 högg. |

þriðji flokkur karla

- |    |                       |   |           |
|----|-----------------------|---|-----------|
| 1. | Einar Pétur Eiríksson | – | 347 högg. |
| 2. | Guðmundur Jóhannsson  | – | 348 högg. |
| 3. | Dagbjartur Harðarson  | – | 362 högg. |

Fjórði flokkur karla - punktar

- |    |                      |   |          |
|----|----------------------|---|----------|
| 1. | Arnar Svansson       | – | 146 pkt. |
| 2. | Daníel Kristinsson   | – | 142 pkt. |
| 3. | Ólafur Helgi Árnason | – | 142 pkt. |

Kvennaflokkur - höggleikur

- |    |                           |   |           |
|----|---------------------------|---|-----------|
| 1. | Valgerður Bjarnadóttir    | – | 359 högg. |
| 2. | Ásta Edda Stefánsdóttir   | – | 385 högg. |
| 3. | Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 386 högg. |

Kvennaflokkur – 4 dagar - punktar

- |    |                             |   |          |
|----|-----------------------------|---|----------|
| 1. | Guðný Ósk Hauksdóttir       | – | 159 pkt. |
| 2. | Hafdís Jóna Karlsdóttir     | – | 143 pkt. |
| 3. | Kristín Inga Sigvaldadóttir | – | 139 pkt. |

Kvennaflokkur – 3 dagar - punktar

- |    |                                |   |          |
|----|--------------------------------|---|----------|
| 1. | Anna Hedvig Þorsteinsdóttir    | – | 103 pkt. |
| 2. | Magrét Ósk Guðjónsd. Sivertsen | – | 92 pkt.  |
| 3. | Guðrún Harðardóttir            | – | 90 pkt.  |

Öldungaflokkur – 3 dagar - punktar

- |    |                              |   |          |
|----|------------------------------|---|----------|
| 1. | Jónas Ágústsson              | – | 112 pkt. |
| 2. | Guðmundur Kristján Harðarson | – | 111 pkt. |
| 3. | Gissur Ísleifsson            | – | 108 pkt. |

## **Opna Setbergsmótið**

Punktar:

- |    |                       |     |        |
|----|-----------------------|-----|--------|
| 1. | Kristinn Þorsteinsson | GK  | 48 pkt |
| 2. | Siggeir Vilhjálmsson  | GSE | 44 pkt |
| 3. | Hafþór Sigmundsson    | GSE | 42 pkt |
| 4. | Eiríkur Sigurðsson    | GSE | 42 pkt |

Lægsta skor án forgjafar:

- |    |                      |     |         |
|----|----------------------|-----|---------|
| 1. | Siggeir Vilhjálmsson | GSE | 67 högg |
| 2. | Styrmir Guðmundsson  | GSE | 70 högg |

## **Fótboltamótið**

Jón Karl og Ívar Smári sem léku fyrir Leeds United unnu mótið.

## **Bangsamótið**

Konurnar unnu í ár og er bangsinn því í rauðum fötum næsta árið.

## **Texas scramble í október**

Mót sem var haldið í staðinn fyrir bændaglímu.

A-Flokkur:

1. Boltarnir (Sigurður Óskar Sigurðsson og Þórður Dagsson). 61 högg. 53 nettó.
2. Arnarssynir (Sigurjón Sigmundsson og Hafþór Smári Sigmundsson). 57 högg. 53 nettó.
3. Víkarar (Arnar Smári Ragnarsson og Daði Arnarsson). 59 högg. 54 nettó.

B-Flokkur:

1. HelGun (Helga Birkisdóttir og Gunnar Þór Ármannsson). 65 högg. 55 nettó.
2. Mosfeld (Áslaug Auður Guðmundsdóttir og Nökkvi Sveinsson). 75 högg. 57 nettó.
3. Rakel (Jakob Skafti og Rafn Þór Rafnsson). 70 högg. 57 nettó.

# Golfklúbburinn Setberg

## Rekstrarreikningur ársins 2020

|  | 2020              | 2019              |
|--|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                   |                   |                   |
| Félagsgjöld innheimt hjá GK              | 27.912.522        | 25.972.891        |
| Tekjur af sölu vallargjalda              | 14.098.019        | 8.637.500         |
| Tekjur af æfingasvæði                    | 335.600           | 245.000           |
| Styrkir og framlög                       | 2.924.000         | 2.925.000         |
| Tekjur af mórum                          | 1.692.000         | 1.802.000         |
| Framlag ÍSÍ vegna Lotto                  | 682.284           | 680.936           |
| Framlag ÍSÍ vegna Getrauna               | 34.626            | 67.692            |
| Vaxtatekjur                              | 266.901           | 239.800           |
| Unglinganámskeið                         | 171.900           | 0                 |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b>            | <b>47.945.952</b> | <b>40.570.819</b> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                    |                   |                   |
| Aðkeypt þjónusta (Keilir )               | 1.974.590         | 7.000.000         |
| Félagaskattur GSÍ                        | 2.224.800         | 2.028.000         |
| Sveitakeppni karla og kvenna             | 560.933           | 677.528           |
| Umsjón skála                             | 1.691.200         | 1.960.000         |
| Verðlaun í móti - umsjón                 | 345.795           | 363.008           |
| Kostnaður v/stjórnar nefnda              | 111.500           | 114.579           |
| Innheimtukostnaður                       | 215.648           | 127.607           |
| Leiga á landi                            | 5.730.400         | 5.662.471         |
| Leiga á geymsluhúsnaði                   | 2.000.000         | 1.200.000         |
| Kaup / leiga á vélum / landi             | 750.000           | 500.000           |
| Laun og launatengd gjöld                 | 12.067.876        | 3.630.252         |
| Viðhald og rekstur vallar                | 1.176.619         | 1.153.066         |
| Viðhald og rekstur véla                  | 1.790.502         | 1.813.623         |
| Rekstur skála                            | 1.713.279         | 886.570           |
| Nýtt WC-hús                              | 0                 | 675.770           |
| Stækkun golfskáli-vélageymsla-ræsishús   | 1.711.135         | 5.098.728         |
| Ræsing og umsjón                         | 1.350.000         | 250.000           |
| Afskriftir                               | 3.337.734         | 3.017.720         |
| Unglinganámskeið                         | 445.000           | 0                 |
| Boltar og mottur                         | 575.680           | 0                 |
| Vökvunarkerfi                            | 604.314           | 0                 |
| Styrkur vegna rannsókna á kolefnisjöfnun | 150.000           |                   |
| Ýmis kostnaður                           | 278.286           | 148.638           |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>             | <b>40.805.291</b> | <b>36.307.560</b> |
| <b>Hagnaður ársins</b>                   | <b>7.140.661</b>  | <b>4.263.259</b>  |

# Golfklúbburinn Setberg

## Efnahagsreikningur ársins 2020

| <b>Eignir</b>                 | <b>2020</b>       | <b>2019</b>       |
|-------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Fastafjármunir:</b>        |                   |                   |
| Sláttuvélar 2011              | 55.000            | 55.000            |
| Golfbíll                      | 22.500            | 22.500            |
| Sláttuvélar 2012              | 75.000            | 75.000            |
| Æfingasvæði / malbikun        | 800.000           | 1.200.000         |
| Ræsishús 2014                 | 200.000           | 300.000           |
| Brautarsláttuvél 2014         | 1.098.000         | 1.773.000         |
| Boltavél                      | 153.600           | 204.800           |
| Gámur 2015                    | 244.032           | 447.392           |
| Gámar, vélar og tæki          | 1.813.500         | 2.232.000         |
| Röffsláttuvél 2019            | 7.497.422         | 8.820.496         |
| Sturtuvagn 2019               | 386.400           | 483.000           |
| WC - hús 2019                 | 280.000           | 350.000           |
| Flatarsláttuvél 2020          | 3.247.069         | 0                 |
| Vinnu golfbíll 2020           | 1.674.000         | 0                 |
| Sandari 2020                  | 1.101.188         | 0                 |
| Stækkun golfskáli 2020        | 3.000.000         | 0                 |
| Ræsishús 2020                 | 1.500.000         | 0                 |
| Vélageymsla 2020              | 1.500.000         | 0                 |
| <b>Fastafjármunir samtals</b> | <b>24.647.711</b> | <b>15.963.188</b> |

## Veltufjármunir:

|                               |            |            |
|-------------------------------|------------|------------|
| Banka innistæður Íslandsbanki | 14.689.257 | 17.032.331 |
| Banka innistæður Landsbankinn | 1.038.148  | 238.936    |

|                                |                   |                   |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Veltufjármunir samtals:</b> | <b>15.727.405</b> | <b>17.271.267</b> |
| <b>Eignir alls</b>             | <b>40.375.116</b> | <b>33.234.455</b> |

## Skuldir og Eigið fé

### Eigið fé

|                              |                   |                   |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé flutt frá fyrra ári | 33.234.455        | 28.971.196        |
| Hagnaður                     | 7.140.661         | 4.263.259         |
| <b>Eigið fé samtals</b>      | <b>40.375.116</b> | <b>33.234.455</b> |

## Skuldir

|                                 |                   |                   |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Skuldir samtals</b>          | 0                 | 0                 |
| <b>Skuldir og eigið fé alls</b> | <b>40.375.116</b> | <b>33.234.455</b> |

# Golfklúbburinn Setberg

## Rekstraráætlun 2021

|                               | 2021              |
|-------------------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>        |                   |
| Félagsgjöld innheimt          | 31.000.000        |
| Tekjur af sölu vallargjalda   | 8.000.000         |
| Tekjur af æfingasvæði         | 450.000           |
| Styrkir og framlög            | 3.000.000         |
| Tekjur af mónum               | 1.800.000         |
| Framlag ÍSÍ vegna Lotto       | 700.000           |
| Framlag ÍSÍ vegna Getrauna    | 50.000            |
| Vaxtatekjur                   | 250.000           |
| Unglinganámskeið              | 250.000           |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b> | <b>45.500.000</b> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>         |                   |
| Aðkeypt þjónusta              | 1.500.000         |
| Félagaskattur GSÍ             | 2.500.000         |
| Sveitakeppni karla og kvenna  | 500.000           |
| Umsjón skála                  | 1.000.000         |
| Verðlaun í móti - umsjón      | 500.000           |
| Kostnaður v/stjórnar nefnda   | 200.000           |
| Innheimtukostnaður            | 200.000           |
| Leiga á landi                 | 6.000.000         |
| Leiga á geymsluhúsnæði        | 2.000.000         |
| Kaup / leiga á vélum / landi  | 800.000           |
| Laun og launatengd gjöld      | 15.000.000        |
| Viðhald og rekstur vallar     | 1.500.000         |
| Viðhald og rekstur véla       | 1.500.000         |
| Rekstur skála                 | 1.500.000         |
| Ræsing og umsjón              | 1.500.000         |
| Afskriftir                    | 3.000.000         |
| Unglinganámskeið              | 500.000           |
| Boltar og mottur              | 500.000           |
| Vökvunarkerfi                 | 1.000.000         |
| Ýmis kostnaður                | 300.000           |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>  | <b>41.500.000</b> |
| <b>Hagnaður ársins</b>        | <b>4.000.000</b>  |

## Fjárfestingaráætlun 2021

|                       |                   |
|-----------------------|-------------------|
| Sláttuvél fyrir teiga | 4.500.000         |
| Traktor - sláttuvél   | 3.000.000         |
| Frágangur á stækkunum | 3.000.000         |
| Vökvunarkerfi         | 1.000.000         |
| Lagfæring á bílastæði | 500.000           |
| <b>Samtals</b>        | <b>12.000.000</b> |

## **Áritun skoðunarmanna og gjaldkera.**

Höfum yfirfarið ársreikning (efnahags- og rekstrarreikningur) fyrir Golfklúbbinn Setberg vegna ársins 2020 og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Pétur Einarsson, gjaldkeri.

Örn Andrésson og Einar Sigurðsson, skoðunarmenn.

Gjaldkeri og skoðunarmenn staðfesta framangreint með rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustbjónustu fyrir rafræn viðskipti.

## **Skýrsla og áritun stjórnar**

Að álti stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2020, rekstrarreikningi frá 1. desember 2019 til 30. nóvember 2020 og fjárhagslegrí þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

8. desember 2020

Högni Friðbjófsson

Pétur Einarsson

Þórarinn Sófusson

Sigrún Eir Héðinsdóttir

Elín Reynisdóttir

Fríða Björg Leifsdóttir

Karl Ísleifsson

# Undirritunarsíða

Högni Friðþjófsson



Undirritað af:  
Högni Friðþjófsson  
0704723689  
Dags: 08.12.2020  
Tími: 22:30:11  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Þórarinn Karl Sófusson



Undirritað af:  
Þórarinn Karl Sófusson  
0410384389  
Dags: 08.12.2020  
Tími: 22:32:38  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Karl Ísleifsson



Undirritað af:  
Karl Ísleifsson  
1604623539  
Dags: 09.12.2020  
Tími: 07:43:25  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Sigrún Eir Héðinsdóttir



Undirritað af:  
Sigrún Eir Héðinsdóttir  
0610673889  
Dags: 09.12.2020  
Tími: 09:13:17  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Elín Reynisdóttir



Undirritað af:  
Elín Reynisdóttir  
0903584729  
Dags: 08.12.2020  
Tími: 22:26:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Fríða Björg Leifsdóttir



Undirritað af:  
Fríða Björg Leifsdóttir  
0511774609  
Dags: 08.12.2020  
Tími: 22:29:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Einar Sigurðsson



Undirritað af:  
Einar Sigurðsson  
3112715719  
Dags: 08.12.2020  
Tími: 22:28:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Örn Andrésson



Undirritað af:  
Örn Andrésson  
1908513039  
Dags: 09.12.2020  
Tími: 00:34:29  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb

Pétur Einarsson



Undirritað af:  
Pétur Einarsson  
2106564809  
Dags: 08.12.2020  
Tími: 22:27:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: cb2b0682-  
b213-43dc-8a9a-  
22c62e7b0dcb